

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 285

september 2014



September 2014. Blað nr. 285
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumðæmi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109
Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122
Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Sigríður Þorvaldsdóttir Kvaran



**FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109**

Starfsárið 2014 – 2015

Fjölumðæmisstjóri: Tryggvi Kristjánsson
Lkl. Dalvíkur.

Umdæmisstjóri 109A: Einar Þórðarson,
Lkl. Fjörgyn.

Umdæmisstjóri 109B: Ingimundur G.
Andrésson, Lkl. Patreksfjarðar.

Fjölumðæmisritari: Kristín Þorfinnsdóttir,
Lkl. Emblu.

Fjölumðæmisgjaldkeri: Guðmundur
Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Benjamín
Jósefsson, Lkl. Akraness.

Vara fjölumðæmisstjóri: Guðmundur
Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn
Protokol- og þingsstjóri og NSR
Coordinator: Kristinn Hannesson, Lkl.
Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar
Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson, Lkl.
Akraness.

Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson,
Lkl. Geysi

Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson, Lkl.
Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur Ingvarsson,
Lkl. Borgarness.

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun):
Halldór Kristjánsson,
Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsl og fjölgun):
Guðrún Helga Óssurardóttir, Lkl.
Seylu.

NSR-AU nefndarmaður: Hrund
Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson
fyrirv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl.
Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl.
Seltjarnarness.

Unglingaskiptastjóri: Pálmi Hannesson,
Lkl. Garði.

LCIF stjóri, fyrirv. alþjóðastjórnar maður
og ráðgjafi alþjóðafarseta:

Guðrún Björt Yngvadóttir Lkl. Eik.
MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson,
Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir, Lkl.
Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Daníel
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.

Laganefnd (form.):
Lions Quest stjóri: Magnús J.
Magnússon, Lkl. Selfoss.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Halldóra J.
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.



Fjölumðæmisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Varaumðæmisstjóri 109A: Jón Pálmason,
Lkl. Víðarri.

Varaumðæmisstjóri 109B: Stefán
Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:
Gunnar Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Björg
Bára Halldórsdóttir, Lkl.

Jouko Ruissalo,
N.S. Sankar,
A.D. Don Shove,
Kembra L. Smith
Dr. Joong –Ho Son
Linda L. Tinchner

Second Year Directors

Fábio de Almeida,
Lawrence A. „Larry“ Dicus
Roberto Fresia
Alexis Vincent Gomés
Chynthia B. Gregg,
Byung-Gi Kim
Ester LaMothe
Yves Léveillé
Teresa Mann
Raju V. Manwani
William A. McKinney
Michael Edward Molenda
John Pettis, Jr.
Robert Rettbody,
Emine Oya Sebük
Hidenori Shimizu
Dr. Steven Tremaroli

Upplag: 2400 eintök
Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: Joe Preston og eiginkona
hans Joni Preston

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2014 – 2015:

International President: Joseph Preston
USA

Immediate Past President: Barry J.
Palmer Ástralía

First Vice President: Dr. Jitsuhiro
Yamada Japan

Second Vice President: Bob Corlew
USA

First Year Directors:

Svein Øystein Berntsen,
Jorge Andrés Bortolozzi,
Eric R. Carter
Charlie Chan,
Jack Epperson,
Edward Farrington,
Karla N. Harris
Robert S. Littlefield, Ph.D.
Ratnaswamy Murugan,
Yoshinori Nishikawa,
George Th. Papis,

Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fyrsta blað starfsársins komið út sem jafnframt er mitt fyrsta blað sem ritstjóri. Guðmundur Rafnar Valtýsson hefur stýrt útgáfu blaðins með miklum myndarskap í 7 ár og hefur blaðið vaxið með hverju ári undir hans stjórn. Nú er nýr maður í brúnni og oft er sagt að með nýjum mönnum komi breytingar. Það má vera að þær verði en þær koma þó hægt inn á seinni stigum. Lionsblaðið er fyrst og fremst hugsað til að segja frá starfi hreyfingarinnar bæði á alþjóða vísu og svo frá starfinu innanlands. Þessar aðaláherslur verða alltaf í forgrunni þó einhverjar breytingar geti átt sér stað.

Efni í blaðið hefur streymt inn og er það gott. Það að vinna úr því öllu er bæði fræðandi og skemmtilegt. Ég vona svo sannarlega að lionsfélagar verði duglegir áfram að senda efni í blaðið því ef ekkert efni berst er til lítis að gefa út blað. Það er ósk mín að sem flestir klúbbar á landinu sendi inn efni úr starfinu því það eru af mörgum taldar skemmtilegustu og mest fræðandi greinarnar. Eins myndir úr starfinu sem segja oft meira en þúsund orð.

Litlaprent sér áfram um prentunina og hönnun á útliti blaðsins eins og hingað til. Sigrún Sæmundsdóttir verður áfram tengiliður minn við prentsmiðjuna og hef ég átt ófá samtölin við hana um blaðið.

Ég ætla að fara fram á við þig lesandi góður að koma með ábendingar um efni í blaðið sem gæti aðstoðað mig við að gera gott blað enn betra. Að lokum vill ég þakka öllum þeim sem hafa sent efni í blaðið eins þeim frábæru þýðendum sem þýddu erlendar greinar, því án þeirra væri frekar lítið efni til að gefa út. Eins vill ég þakka eiginkonu minni Sigríði Andradóttur fyrir aðstoðina sem og Guðmundi Rafnari Valtýssyni fyrir aðstoð við skipulagningu.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með kveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Styrkjum liðsheildina - af stolti

Markmið og leiðir Joesph Preston alþjóðaforseta Lions

Joesph Preston

alþjóðaforseti



Ljónahjörð, eins og þær sem halda sig á gresjum Afríku, er sterk fjölskylda ljóna. Til þess að lifa af hefur sérhvergt dýr innan hjarðarinnar sínu hlutverki að gegna og þau vinna saman sem hópur. Ef einn úr hópnum sinnir ekki sínu hlutverki snertir það alla hjörðina.

Til er annarskonar hópur ljóna sem ólíkt ljónunum í Afríku vekja ekki ótta. Þessi ljón halda sig ekki á gresjunum, þeirra svæði er allur heimurinn og þau bæta umhverfi sitt hvar sem þau er að finna. Þetta erum við 1.35 milljón Lionsfélaga.

Enska orðið yfir „hjörð“ er „pride“ sem getur líka þýtt „stolt“ og Lions er vissulega stoltur félagsskapur. Við fyllumst stolti yfir hverju vel unnu samfélagsverkefni og við að hjálpa öðrum. Þetta stolt hefur fylgt okkur í starfi í 97 ár.

Leggjum lið – af stolti

Þjónusta eða liðveisla er það sem Lionshreyfingin hefur staðið fyrir síðan hún var stofnuð 1917 – og er það sem við gerum best. Fyrir dyrum standa þriggja ára hátíðarhöld í tilefni þess að 2017 er ein öld liðin frá stofnun hreyfingarinnar. Hátíðin hófst í júlí í ár með verkefninu „Þjónusta í heila öld“ og stendur yfir þar til í desember 2017. Um leið og við minnumst sögu okkar og þess sem við höfum áorkað, lítum við björtum augum til framtíðarinnar.

Fram er komin hugmynd að verkefni: Hjálpum börnum í neyð og vil ég biðja alla

Lionsklúbba að hafa slíkt verkefni í huga. Það getur tekið á ólæsi, hungri, vanrækslu, fátækt eða hverju sem er sem snýr að börnum í neyð.

Fjölögum félögum – af stolti

Styrkur okkar felst í félagafjöldanum. Við höfum náð að fjölga félögum undanfarin sex ár, en betur má ef duga skal ef við eigum að halda forystu okkar í mannúðar- og líknarmálum í heiminum. Takmark mitt í ár er að leggja til að hver Lionsfélagi bjóði einum eða fleiri að gerast félagi sem leiðir af sér að við fáum fleiri nýja félaga en nokkru sinni. Ég vil skora á alla klúbba að gera áætlun annars vegar um hvernig megi fjölga félögum og hinsvegar um leiðtogapjálfun.

Allar kannanir benda til þess að fleira fólk en nokkru sinni gefi tíma sinn í sjálfböðastörf. En ýmislegt stendur fólki til boða og samkeppnin er hörð. Nýir félagar verða að vera vissir um að tíminn sem þeir gefa skipti virkilega máli. Verkefnin verða að bera sýnilegan árangur og halda félögunum áhugasömum.

Fyrir kemur að klúbbar leggi upp laupana. Þess vegna verðum við að leita allra leiða til þess að stofna fleiri klúbba en þá sem við missum. Þetta kostar mikla vinnu og orku svo nauðsynlegt er að fá reynslumikið og sérþjálfað fólk s.s. „leiðsöguljón“ til aðstoðar.

Leiðsöguljón geta líka hjálpað til við að hleypra nýjum krafti í eldri klúbba sem eiga í vandræðum.

Styrkjum klúbbana – af stolti

Með því að styrkja klúbbana, styrkjum við liðsheildina. Athugum hvort tímabært sé að innleiða nýjar stjórnunaraðferðir til þess að hleypra nýju lífi í klúbbinn. Munum að ef við hökkum alltaf í sama farinu komumst við ekkert áfram. Takmarkið er að fá fleiri kraftmikla klúbba með tilgang og skýra sýn á hvert þeir vilja stefna.

Eins mikilvægt og það er að ná inn nýjum félögum er ekki síður mikilvægt að halda í félagana – jafnt nýja sem þá eldri. Eins og góður gestgjafi leggur sig fram um að láta gestum sínum líða vel er mikilvægt að hver klúbbfélagi njóti sín, geti viðrað sínar hugmyndir og deilt þeim með öðrum. Nauðsynlegt er að fylgja nýjum félögum eftir,

tilnefna leiðbeinanda fyrir þá og fá þá reglulega til að meta veru sína í klúbbnum.

CEP (Fyrirmyndarklúbburinn) verkefnið er skemmtilegt og gagnlegt til þess að styrkja klúbbinn í starfi, félagarnir sjá hvar klúbburinn er staddur í dag og hvernig hann verður á morgun.

Styrkur klúbbsins felst ekki síst í því að allir félagar séu virkir og hafi hlutverki að gegna í samræmi við áhugasvið þeirra. Virkur félagi er ánægður félagi.

Styrkjum forystuna - af stolti

Sterk forysta verður ekki til fyrir tilviljun. Hvetjum félagana til þess að taka að sér embætti innan klúbbsins og fá þannig þjálfun til áframhaldandi forystuhlutverka. Hver klúbbur ætti að hafa áætlun um leiðtogaþjálfun sem m.a.felur í sér nýliðafræðslu, þátttöku í svæðisfundum o.s.frv. með því móti byggjum við upp væntanlega klúbbleiðtoga sem síðar geta valist til forystu í umdæmum.

Nýtum sköpunarkraftinn - af stolti

Til þess að lifa af þurfa ljónahjarðirnar í Afríku sífellt að flytja sig á milli svæða. Ljónin þróa með sér útsjónarsemi til þess að takast á við nýjar áskoranir, finna nýjar leiðir og aðlagast. Lionsklúbbarnir þurfa líka að tileinka sér nýjar leiðir og aðlögunarhæfni til þess að geta vaxið og blómstrað.

Tölvutækni gerir okkur kleift að sinna viðskiptum á nýjan hátt og ná til breiðari hóps fólks fljótt og auðveldlega. Alþjóðalionshreyfingin hefur byggt upp sterkt tengslanet í gegnum félagslega fjölmiðla. Þeim sem fylgjast með okkur á facebook, twitter, youtube, LCI blog og víðar fjölgar stöðugt. Æ fleiri klúbbar opna heimasíður þar sem þeir segja af stolti frá því sem þeir eru að fást við.

Prófum nýjar leiðir og nýtum tæknina, það er auðveldara en við höldum.

Vinum með öðrum – af stolti

Leitum eftir samvinnu við þá sem hafa svipuð viðhorf og við, hvort sem um er að ræða einstaklinga, samtök eða fyrirtæki. Henti það báðum aðilum kemur það bæði samfélaginu og klúbbunum til góða. Síðustu sjö árin hefur Lionshreyfingin vaxið gríðarlega á alþjóðavísu, jafnt í magni sem gæðum og er það aðallega að þakka árangursríkri samvinnu.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 21. október

Endurvekjum áhugann – af stolti

Stoltið býr ekki aðeins í fortíðinni, það dvelur í nútíðinni og mun knýja okkur áfram til framtíðar. Stofnandi Alþjóðalionshreyfingarinnar Melvin Jones innprentaði fyrstu félögunum að þjóna með stolti og hélt því áfram er hreyfingunni óx fiskur um hrygg. Á meðan við búum okkur undir að fagna aldarafmæli Lions er mikilvægt að muna hvert hlutverk okkar er. Sem virðingavott bið ég alla Lionsfélaga á þessu ári að merkja við 13. janúar sem er fæðingardagur Melvin Jones og minnast þess sem við stöndum fyrir á einhvern hátt.

Sýnum hugrekki og sannfæringu – af stolti

Í „Galdrakarlinum frá Oz“ er huglausa ljónið ein af aðalpersónunum. Í sögulok kemur þó í ljós að ljónið er ekki huglaust heldur skortir það sannfæringu. Öskur án sannfæringar er bara hávaði. Lionsfélagar verða bæði að sýna kjark og hafa sannfæringu. Hafið þið nokkru sinni hugleitt hvað þarf til að stöðva yfirgang eða hjálpa minni máttar?

Sem ljón þurfum við að öskra, sýna hugrekki. Láta heiminn vita hver við erum og

að við höfum verk að vinna sama hvert verkefnið er.

Alþjóðalionshreyfingin er afsprengi hugrekks og hefur verið farsæl í starfi vegna þess að meginregla okkar og sannfæring er að það er sé betra að þjóna öðrum en okkur sjálfum.

Ef við hvikum hvergi mun þessi kjarkur og sannfæring flytja okkur inn í framtíðina.

Með því að gefa - af stolti

Því meira sem við gefum, því meira eigum við til að gefa. Ég veit ekki hvernig en þannig virðist þetta vera. Í ár leita ég til allra klúbba og bið ykkur að gefa í hjálpar sjóð LCIF sem áorkar meira en klúbbarnir einir og sér. Þið ákveðið hversu mikið þið viljið gefa.

Leoklúbbarnir

Leoklúbbarnir eru mikilvægur hlekkur í liðsheildinni, Lionsfjölskyldunni. Ég hvet alla Lionsklúbba til að styðja Leoklúbbana, virkja þá og vekja athygli á verkum þeirra og efla þannig liðsheildina til þjónustu við fleira fólk, með stolti. Sinnum þeim af alúð því Leofélagarnir eru Lionsfélagar framtíðarinnar.

Styrkjum liðsheildina - af stolti, með því að

leggja lið, fjölga félögum og klúbbum, þjálf nýja leiðtoga, nýta sköpunarkraftinn, vinna með öðrum, sýna áhuga, hugrekki og sannfæringu í því sem við tökum að okkur. Þetta bætist við það starf og þann árangur sem fræðslu- og fjölgunarteymin hafa unnið að og leiðir okkur áfram til aukinnar fagmennsku og áhrifa. Munið að nýta ykkur alla þá aðstoð sem stendur til boða.

Það er kaldhæðnislegt að við skulum kenna okkur við ljón, dýr sem allir óttast. En Lionshreyfinguna óttast enginn, þvert á móti nýtur hún virðingar fyrir að vinna að friði, góðvild og samúð með öðrum og ætlast ekki til neins í staðinn. Fullvissan um að störf okkar fyrir þá sem minna mega sín færi þeim styrk og von nægir okkur.

Látum þess vegna í okkur heyra, öskrum hátt með sannfæringu og af hugrekki, vegna þess að við vitum að starf okkar skiptir máli í heiminum. Einbeitum okkur að samfélags- og mannúðarverkefnum og STYRKJUM LIÐSHEILDINA – AF STOLTI.

Þýðing: Edda Briem

Pistill Alþjóðaforseta

Ekki fara í felur með stoltið

Manst þú hvernig var að vera 21 árs? Ég man það en við skulum segja að ég átti eftir að þroskast meira. Ég var feiminn og jafnvel óframfærinn. Samt var það svo að þegar ég gekk til liðs við Mesa Host Lions Club í Arizona og var yngsti meðlimurinn, þá leið mér vel og fannst ég geta gert hlutina. Klúbburinn setti mig strax í verkefni og nokkrir félaganna leiðbeindu mér og voru mér fyrirmynd. Í dag er ég afslappaður bæði við að starfa í stjórnarstöðum og tala á fundum eins og ég þarf að sjálfsgöðu að gera sem alþjóðaforseti ykkar. Fram minn og þroska sem Lion á ég öðrum Lionsfélögum að þakka. Ég vitna í þessa sögu, ekki bara til að kynna mig, heldur lýsir hún einnig stefnumarki mínu. Á þessu ári hvet ég Lionsfélagana til að styrkja og bæta metnað sinn. Bæta metnaðinn í gegnum þjónustu, félagamál, klúbbstarfið og fleiri vegu. Ræktaðu einnig þinn eigin þroska sem Lionsfélagi með því að nýta öll þau meðul sem við höfum yfir að ráða: svo sem aðra Lionsfélaga, við höfum fyrirmyndir og leiðbeinendur allt í kringum okkur. Vinnum að vexti klúbbanna okkar og okkar eigin ánægju af að leggja lið með því að styðja hvert annað og læra af hvort öðru. „Lion“ er stórkostlegt nafn. Stofnendurnir völdu það vegna þess að það merkir hugprýði, styrk, athafnasemi og umfram allt, hollustu. Lions merkið stendur fyrir hollustu við vini, hollustu við málefnið, hollustu við skylduna og hollustu við traust svo vitnað sé í Lions Magazine 1931. Á þessu ári ýtum við úr vör afmælisárinu sem við höldum uppá 2017, við skulum styrkja hugprýðina, styrkinn, athafnasemina og hollustuna. Eins og hin mikla Helen Keller sagði, „ein getum við gert svo lítið en saman svo mikið“. Með því að styrkja metnað okkar þá skulum við bæði hafa í huga okkur sem sjálfbóðaliða og alla Lionsfjölskylduna. Það er okkar styrkur.



*Joe Preston
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar
Þýðing: Geir Hauksson*

Gleðilegt nýtt starfsár kæru félagar

Tryggvi Kristjánsson

Fjölumdæmisstjóri MD 109



Nú er langt liðið á sumar og margir að súa aftur til hversdagsleikans með því að mæta aftur til vinnu, eftir sumarfrí. Og innan skamms hefst starf Lionsklúbba, en sumir hefja störf í september en ég hef á tilfinningunni að starf flestra hefjist í október. Margir klúbbar eiga fyrir höndum annasama tíma

fram að jólum, því stór hluti klúbba er með ýmiskonar verkefni á adventunni og tíminn líður hratt því vilja margir hefja undirbúning fljótlega.

WSD World Sight Day (Alþjóðlegi sjónverndar dagurinn) verður haldinn 14. október á Íslandi og er óhætt að segja að mikið af mínum tíma, frítíma, hafi farið í að undirbúa hann. Ég hef fengið frábært og duglegt fólk með mér í þá vinnu, og langar mig að nefna fjögur nöfn sem hafa fyrir hönd Fjölumdæmisins, staðið sig rosalega vel við skipulagningu dagsins, alveg frá því að tekin var ákvörðun um að halda þennan viðburð á Íslandi. Þau eru Guðrún Björt Ingvadóttir, Kristín Þorfinnsdóttir, Edda Ruth Waage og Jón Palmason, ásamt nokkrum öðrum sem komið hafa inn á síðari stigum, enda viðburðurinn stór og í mörg horn að líta.

Alþjóðafing Lions var haldið í Toronto Canada 30. júní til 8. júlí og fór um við hjónin ásamt börnunum okkar og umdæmisstjórnunum Einari Þórðarsyni 109A og Ingimundi Guðberg Andrésyni 109B ásamt mökum þeirra. Guðrún Björt Ingvadóttir og Jón Bjarni Þorsteinsson komu einnig á þingið

sjálft. Var þetta mikil upplifun og skemmtun frá fyrsta degi, margir fróðlegir fyrirlestrar og einnig spennandi kosningar um framtíðar leiðtoga Lions. Umgjörð og skipulag var óaðfínanlegt og ekki spilti fyrir að veður var hlýtt og sólin skein. Hápunktur Þingsins var eins og alltaf skróðgangur, en þar er hvert land í sínum einkennisklæðnaði en við Skandinavíu þjóðirnar erum saman og klæðumst hvítum fötum með fánaborða hvers lands. Er óhætt að segja að margar þjóðir leggja mikið á sig, til að hafa sitt lið sem glæsilegast.

Munum kæru félagar, á komandi vetri að leggja upp með skemmtilega klúbbfundi, bregða útaf vananum og t.d. að fara með fundi á annan stað en vanalega, eða annan hvern fund sem vinnufund. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að gera fundi t.d. fjölbreyttari, og minni hætta á að við missum félagi. Eins og oft hefur komið fram, bæði í ræðu og riti, er brottfallið alltof hátt.

Megi það sem eftir er sumars, og besti tími ársins að margra mati, haustið verða ykkur öllum ánægjulegt.

Sykursýki í Tansaníu

Sykursýki er í vexti í Tansaníu eftir að Afríkubjóðin hefur tekið upp í meira mæli vestræna lifnaðarhætti. Flestir Tansaníubúar vita þó lítið um þennan sjúkdóm. „Hin venjulegi Tansaníubúi veit ekki um þennan sjúkdóm“ segir Bhavin Sonigra, ritari Dar es Salaam Mzizima Lions klúbbsins í Tansaníu.

Klúbburinn hans bauð nýlega upp á fríar mælingar og ráðgjöf í barnskóla í Kigogo á svæði klúbbsins þeirra. Meira en tylft menntaðara heilsugæslumanna, sem ráðnir voru af lions, mældu og ráðlögðu 249 manneskjum vegna mögulegrar sykursýki. Þeir sem voru á mörkunum að vera með sykursýki var beint til heilsugæslustöðva sem sérhæfa sig í sykursýki.

Þessi skóli var valin vegna þess að fólk vissi um staðsetningu hans. Sykursýkisprófin voru gerð í sérútbúnum vel tækjum búnum nútíma læknaþil sem Sykursýkissamtökin í Tansaníu eiga. Lionsfólkið þjónaði fólki þarna sem að öðrum kosti eiga ekki möguleika að sækja neina læknaþjónustu. „Fólk hefur ekki neinn aðgang að heilsugæslu, aðallega vegna kostnaðar“ segir Sonigra.

Af því að lions er lions, þá fóru sjúklingarnir líka í augnskoðun og lionsmenn sáu til þess að 49 aðilar fengu gleraugu.



Sjálfbóðaliði mælir sykurmagn í blóði hjá sjúklingi.

Dýðing: Þorkell Cýrusson

Verum stolt af Lions

Einar Þórðarson

umdæmisstjóri 109A



1 Er gaman á klúbbfundum? Nýtt Lionsstarfsár er gengið í garð. Klúbbstjórnir eru byrjaðar að setja saman vetrardagskrána og skipa í nefndir. Hjá mörgum klúbbum er starfið í föstum skorðum og lítið um fjölbreytni. Auðveldast er að breyta engu, rugga ekki bátum. Það er einn hængur á. Starfið verður tilbreytingalaust og áhugalítið. Ef til vill er kominn tími til að gera einhverjar breytingar, t.d. hafa fundarstjóra, annan en formanninn.

2 Hvenær gekk nýr félagi í klúbbinn þinn? Flestallir klúbbar vilja hafa marga féлага og

mikið félagslíf. En fjölgun gerist venjulega ekki af sjálfu sér. Skemmtilegir og drífandi klúbbar draga að sér nýja féлага og þá gerist fjölgun af sjálfu sér. Það veit ég.

3 Ætlar þinn klúbbur að taka þátt í sameiginlegum verkefnum Lions? Til viðbótar við öll sérverkefni klúbbanna eða svæðanna þá verða, á landsvísu, mörg sameiginleg verkefni í vetur. Í október verða verða þrjú viðburðir: Sjónverndardagurinn 9. október, sérstakur Sjónverndardagur Lions 13. október með alþjóðaforseta Lions og Dagur hvíta stafsins 14. október. Í nóvember verða sykursýkis-mælingar á vegum Lions um land allt í kringum 14. nóvember. Undirbúningur fyrir unglingskipti verða í vetur. Rauðufjaðrar-söfnun er væntanleg næsta vor. Svæðisstjórar munu leika stórt hlutverk vegna þessarra verkefna og vera klúbbum innan handar. Mundu viðburðadagatalið.

4 Langar þig að fara á námskeið sem Lions býður upp á í vetur? Ég hvet klúbba til að nýta sér þau námskeið sem Lions býður upp á, eins og Leiðtoganámskeið, einnig námskeiðið Breyting til batnaðar og ræðunámskeið. Kannski er kominn tími til að drífa sig á námskeið. Ég get lofað þér því að það verður gaman!

5 Hefur þú boðið einhverjum að ganga í Lions? Joe Preston alþjóðaforseti hvetur alla Lionsfélaga til að taka þátt í verkefninu „Ask 1“. Þetta er mjög einfalt verkefni. Maður spyr eina manneskju hvort hún vilji ganga í Lions. Ég skora á þig að taka þátt í verkefninu. Spurðu einn vin eða vinkonu, vinnufélaga, fjölskyldu-meðlim eða ættingja. Ímyndaðu þér hvað mundi gerast ef allir Lionsfélagar legðu sig fram um að spyrja þessarar spurningar og aðeins örfá prósent þeirra fengju jákvætt svar. Þetta er eitt auðveldasta verkefni sem þú getur tekið þátt í innan Lions.

6 Er klúbburinn þinn með heimasíðu eða Facebook síðu? Sýndu frumkvæði og breyttu til í vetur. Sjáðu til þess að klúbburinn þinn verði með kynningarfund í þinni heimabyggð eða -hverfi. Stofnaðu Facebook-síðu og auglýstu viðburði klúbbsins og þau verkefni sem eru í gangi.

7 Ert þú stolt/ur af þínum Lionsklúbbi? Segðu frá hvað þinn klúbbur er að gera. Skrifðu í fréttablað og komdu klúbbnum á framfæri í fjölmiðlum. Vertu stolt/ur af Lions.

Ég hlakka til að starfa með ykkur í vetur. Megi krafturinn vera með oss.



Ágætu Lionsfélagar og aðrir sem lesið blaðið

Ingimundur G. Andrésson

Umdæmisstjóri 109 B



Það líður senn að þeim tíma er Lionsfélagar á Íslandi hefja vetrarstarfið. Þá er gott fyrir klúbbstjórnir að hafa sest niður og skipulag

starfið. Margir eru efalaust langt komnir með skipulagningu vetrarstarfsins og enn fleiri að byrja. Gott skipulag er til mikilla þæginda og léttir starfið til muna.

Þá er ekki úr vegi að huga að nýjum félögum og síðast en ekki síst að leiða hugann að brottfalli féлага á besta aldri, það tel ég vera okkar stærsta vandamál. En hvað er til ráða? Meðalaldur féлага í mörgum klúbbum er hár, það eitt og sér eykur ekki áhuga þeirra yngri að ganga til liðs við hreyfinguna. Þeir hugsa ef til vill á þá leið að þetta er bara félag fyrir rígfullorðið fólk. Þetta er vissulega rökrétt hugsað, miðað við aldursskiptinguna í mörgum klúbbum. Yfirleitt er það þannig að ákveðnar fundahéðir hafa orðið til í gegnum farsælt starf þeirra sem eru eldri. Menn eru oft tregir til að breyta og finnst það vera óþarfi. En mennirnir breytast líka! Er ekki hægt að hafa fundi með léttara yfirbragði og samt halda ákveðinni fundareglu? Víst er það hægt.

Margir klúbbar hafa fengið fyrirlesara á sem flesta fundi bæði til fróðleiks og skemmtunar. Þegar svo yngri félagar eru kjörnir til stjórnarstarfa er oftast en ekki áhugi á að aðlaga klúbbstarfið að breyttum tímum. Þá kemur fyrir að eldri félagar eru ekki par hrifnir, sem veldur þá jafnvel deilum og geta verið beinn eða óbeinn valdur að uppgjöf þeirra sem fyrir breytingunum töluðu.

Því segi ég enn og aftur við ykkur sem eruð í eldri kantinum eins og ég. Það þarf ekki að óttast breytingar, því Lionsstarfið hefur alltaf sama tilgang „að láta gott af sér leiða“. Því þá ekki að hafa gaman af starfinu í leiðinni, og eiga skemmtilegar stundir með góðum félögum. Við missum ekki af höfuðmarkmiðum Lions þó við brjótum aðeins upp fundaformið, og eigum skemmtilega og fræðandi fundi.

Með Lionskveðju.

Fáeinir Toronto punktar



Að afloknu NSR þingi var svona aðeins farið að hugsa fyrir alþjóðþinginu í Toronto. Það komu tölvupóstar, fleiri en einn um að alþjóðaskrifstofan sæi um ferðamálin, en það leið og beið, fylgigögnin voru löngu útfyllt og send. Svo kom póstur um okkar ferðamáta við áttum að fljúga með Deltaair til NewYork bíða þar í 3 eða 4 tíma eftir framhaldsflugi til Toronto, og farið átti að kosta vel yfir 400 þúsund fyrir okkur hjónin.

Þar sem við vorum ekki spennt fyrir millilendingum þá var farið á netið og viti menn, Icelandair átti sæti til Toronto fyrir okkur svo ég keypti farið strax. Það var meira en 50 þúsund krónum ódýrara en það far sem ferðaskipuleggjarinn ætlaði á láta borga fyrir það. Honum var sendur póstur og hann beðinn um að gleyma þessu Deltaair máli, einnig sendum við flugupplýsingar til hans svo vitneskja væri um hvenær við kæmum til Toronto. Allt gekk þetta eftir og við ásamt Tryggva og fjölskyldu flugum út þann 29. maí s.l. Er til Canada kom var að koma kvöld en samt vel heitt og mikill loftraki. Fyrstu nóttina í Toronto gistum við á gömlu stúdentahótelu það var ekkert sérstakt en slapp til svona eina nótt. Daginn eftir fluttum við inn á Sheraton hótelu, það var töluverður munur á.

Svo byrjaði gamanið, fyrst voru gögnin sótt, myndir teknar af okkur með viðtakandi alþjóðaforseta eftir það var litast um í borginni. Næsta dag byrjaði skólinn þar sem okkur verðandi umdæmisstjórum var lesinn pistillinn. Við Einar fengum pistilinn á Sænsku þar sem við vorum með Norðmönnum Dönum og Svíum í grúbbu 19 þar sem Bruno Ahlqvist fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður var okkar kennari. Sænskan var svolítið framandi en Bruno var örugglega meðvitaður um tungumálamismuninn því hann talaði mjög skýrt svo ekki voru nein teljandi vandræði með það. Eftir að skóla lauk og búíð var að afhenda okkur skrautlegt skjal því til staðfestingar var galakvöld þar sem allir voru í sínu fínasta. Þar var matur og skemmtan hin besta. Hápunktar

ferðarinnar voru the International show þar sem Neil Zedaka skemmti, þar sem hann söng nokkur af sínum bestu lögum maður varð bara tvítugur aftur við að heyra þessi lög. Svo var það skruðgangann, þar byrjum við á því að rútubílstjórinn villtist svo við urðum næstum of sein, við máttum hlaupa síðasta spottann í nærri 30° hita og sól til að komast á réttan stað. Norðurlandabúarnir sem voru með þeim fremstu í göngunni voru í þriðja sæti að mati dómnefndar, þegar við höfðum lokið við gönguna var hlaupið til og myndavél sótt. Þarna tók ég slatta af myndum, þvílíkar skrautsýningar og búningar. Kvöldið sem norðurlandabúarnir buðu heim (hospitaly room) er ógleymanlegt þarna kom fólk frá flestum heimshlutum, við vorum spurð nánast um allt milli himins og jarðar. Þó nokkrir voru steinhissa á að rétt rúmlega 300000 manna þjóð skuli hafa sitt eigið tal og ritmál. Hraunið og snafsinn gerðu mikla lukku. Ekki má gleyma því hvað ungu stúlkurnar voru hrifnar af Skúla Lorens Tryggvasyni. Íslandspinninn okkar var feikna vinsæll við hefðum getað gefið fleiri hundruð sérstaklega voru asíubúarnir aðgangsharðir, og allskonar safnarar. Þeir söfnuðust í kringum okkur eins og flugur. Lokasamkoman var líka mikil skrautsýning þar komu fram fötluð kínversk börn og blindu stúlkan söng og spilaði eins og engill, það var alveg meiriháttar að horfa á og hlusta. Á lokasamkomunni var lýst kjöri embættismanna og borðinn slitinn úr merkjum umdæmisstjórnanna, var það tákn þess að nú væru þeir teknir við. Heimferðin gekk vel í næturflugi, þar með lét ég þessum punktum lokið.

*Ingimundur G. Andrésson
umdæmisstjóri 109B*

Alþjóðlegt ...

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirv. alþjóðastjórnarmaður



Alþjóðþingið í Toronto

15.000 Lionsfélagar frá yfir 200 löndum söfnuðust saman í Toronto í Kanada í byrjun júl í sumar. Það er hrein upplifun að taka þátt í alþjóðþingi, mikil skemmtun, fróðleikur, upplýsingar, vinátta og mannleg samskipti. Á þingunum eru fastir liðir eins og venjulega, en þau eru haldin árlega, á sama tíma, en ekki á sama stað. Það er líka ýmislegt nýtt og öðruvísi, gestgjafarnir sýna alltaf sínar bestu hliðar og gestirnir leggja sitt af mörkum til að gera þingin ógleymanleg. Við vorum 12 frá Íslandi að þessu sinni, auk okkar Jóns Bjarna voru umdæmisstjóraefnin og þeirra konur Einar og Bessý, Ingimundur og Sigurjóna, Tryggvi verðandi fjöllumdæmisstjóri og Hólmfríður, ásamt tveimur börnum þeirra, þeim Skúla og Valgerði.

Barry Palmer kveður

Margir Íslendingar hittu Barry Palmer og Anne konu hans, þegar þau voru hér á landi í apríl s.l. Heimsóknin hingað var þeim eftirminnileg. Þegar Barry flutt sína kveðjuræðu fjallaði hann um mikilvægi náttúruverndar og skógrækar og sagði frá umhverfisverkefnum Lions á Íslandi og á meðan sýndi hann myndir frá íslenskum Lionsskógum. Hann minnti á mikilvægi þess að Lions ætti gott samband við yfirvöld í sínu heimalandi, sem og almenning. Við erum heppin á Íslandi með góðan skilning, bæði meðal almennings og ráðamanna. Forseti Íslands er verndari Lions á Íslandi og fannst Barry merkilegt að hitta forseta Ísland og sýndi mynd af fundi þeirra forsetanna tveggja á Bessastöðum.



Skrúðganga þjóðanna er eftirminnilegast viðburður á hverju þingi, meðal meirihluta þátttakenda.

Nýtt land og nýr forseti

Nú eru Lionslöndin orðin 209 og er Azerbaijan nýjasta landið, sem var boðið velkomið í Lionsfjölskylduna á þessu þingi. Alþjóðaforsetinn okkar næsta starfsár kemur frá Arizona, Joe Preston, en hann og hans markmið eru kynnt nánar á öðrum síðum í blaðinu. Hins vegar er gaman að segja frá því, að hann notaði mikið af myndum og myndskreiðum frá Íslandi til að prýða sína ræðu, þegar hann kynnti sín markmið á næsta ári. Kvikmyndatöku-teymi frá höfuðstöðvum Lions, tók þessar myndir í fyrrasumar á Íslandi. Á næsta ári tekur Japani við keflinu, Jitsuhiro Yamada verður forseti 2015-2016.

Stoltir Lionsfélagar

Joe Preston leggur mikla áherslu á að við séum stolt af verkefnum okkar og segjum öðrum hvað við gerum. Þannig fáum við betri hljómgrunn í samfélaginu, meiri stuðning við verkefni og fleiri nýja félagi. Fjöldi Lionsfélaga birtust á stóra skjáinn og sögðu: „I am proud to be a Lion“. Þar var meðal annars íslenskur Lionsfélagi, Kristiana Kristjánsdóttir í Lkl. Eik

Slagorð Joe Prestons er annars „Strengthen the Pride“ en þar vísar hann bæði í stoltið og í liðsheildina. Valin hefur verið eftirfarandi þýðing á slagorðinu: Styrkjum liðsheildina – með stolti

LCIF og Lions Quest

LCIF styrkir m.a. sjónvernd, heilbrigðisþjónustu, náttúruhamfarir og Lions Quest. Meðan Joe Preston fjallaði um Lions Quest, sáuð við nemendur úr Öldutúnsskóla í



Ég er stolt af því að vera Lionsfélagi, sagði Kristiana í Eik, sem er hér með nokkrum Eikarfélögum

Hafnarfirði renna yfir stóra skjáinn. Lions Quest var í upphafi samstarf Lions við Quest stofnunina. Fyrir um áratug keyptum við (Lions) Quest stofnunina og síðan þá hefur námsefnið farið sigurför. Það nær nú til fleiri nemenda og málssvæða, en nokkrum sinnum áður í 25 ára sögu verkefnisins. Lions Quest námsefni hefur verið gefið út í 85 löndum í flestum heimsálfum og verið þýtt á 36 tungumál. Það fjallar m.a. um heilbrigðan lífsstíl, lífsleikni og vímuvarnir. Samkvæmt alþjóðlegum rannsóknnum á námsefni í lífsleikni, þá skilar Lions Quest bestum árangri. Námsefni á íslensku er: Að ná tökum á tilverunni, og Að vaxa úr grasi. Lions Quest hefur verið samstarfsverkefni Lions á Íslandi og Námsgagnastofnunar síðan 1987.

Trjáplöntun

Eitt af stóru markmiðum Joe Preston er aukin náttúruvernd og fjölgun verkefna til að bæta umhverfið, sérstaklega trjáplöntun. Þegar hann lýsti þeim markmiðum, sáuð mörg myndskreið frá Íslandi á stóra skjánum.



Lkl. Hafnarfjarðar plantar stafafuru fyrir hvorn Melvin Jones félagi



Lkl. Suðri hefur grætt rofabörð í 40 ár á stóru svæði á Suðurlandi.

Mörgum sinnum sáum við Lkl. Suðra í Vík, dreifa áburði og fræjum í sár á hálendi og að græða rofabörð. Einnig komu myndir af Lkl. Hafnarfjarðar að planta stafafuru fyrir Melvin Jones félagi í klúbbum og Lkl. Eikar í Garðabæ að planta birkitrjám í skógareit sinn rétt ofan við Vífilstaði.

Slagur

Það var óvenju lífleg kosningarbarátta í Toronto í sumar. Tveir voru í kjöri til 2. varaforseta, báðir frá Bandaríkjunum. Oftast er bara einn í kjöri og þá er sagt: „Það væri nú bara gott að hafa smá samkeppni og kjósa um nokkra frambjóðendur.“ Af og til hafa verið tveir verið í kjöri, en annar þeirra með yfirburðarstöðu, svo allt ferlið hefur verið bragðdauft. Hins vegar brá svo við núna, að tveir sterkir frambjóðendur með sterkar

fylkingar á bak við sig börðust hatrammlega. Mér fannst bæði tíma og peningum illa varið; hefði betur verið notað í þágu bágstaddra. En betri frambjóðandinn vann, Bob Corlew, sem ég þekki bara að góðu einu, mikilli röggsemi, fagmennsku og hógværd. Hann mun vera alþjóðaforseti 2016-2017, þ.e. fyrirhluta 100 ára afmælisársins. Næsti forseti þar á eftir mun koma frá ISAAME, sem er Indland, Suðaustur-Asía, Afríka og Miðausturlönd og gegna embætti 2017-2018, seinni hluta afmælisársins.

Jafnræði

Til að tryggja jafnræði Lions í heiminum, kemur forsetinn annað hvort ár frá Bandaríkjunum, en hitt árið frá einhverjum af hinum sex heimshlutunum, sem reynt er að raða niður réttlátlega. Þetta fyrirkomulagið á að koma í veg fyrir að auglýsingamennska og miklir fjármunir muni ráði niðurstöðu kosninga. Mikilvægt er að allir heimshlutar geti att möguleika með jöfnu millibili, að hafa áhrif í gegnum embætti alþjóðaforseta. (hvort sem frambjóðendur er moldríkir eða ekki).

Evrópa átti síðast forseta 2007-2008, Eberhard Wirfs frá Pýskalandi. Evrópa þarf að koma sér saman um hvaða frambjóðenda þeir vilja styðja, en oft gefa 4-5 kost á sér. Næsti forseti frá Evrópu gæti í fyrsta lagi orðið 2019-2020.

Kjörnefnd

Ferlið fyrir framboð og kosningar er þannig, að „Framkvæmdanefnd Lions“ virkar eins og Valnefnd. Nefndin hittir frambjóðendur, ræðir við þá um framtíðarsýn, markmið og leiðir og mælir svo með einum. Val þeirra fimm-menninga er yfirleitt virt og aðrir draga sig í hlé að sinni, en koma aftur seinna. Síðan starfar sérstök Kjörnefnd, skipuð fulltrúum frá öllum heimshlutum. Þessi nefnd fer yfir kjörgögn og kannar feril viðkomandi frambjóðanda, klúbb hans og umdæmi, til að tryggja að allt sé löglegt. Nefndin boðar til fundar þar sem frambjóðendur eru kynntir og þeir fá tækifæri til að ávarpa kjósendur og

kalla eftir stuðningi eða draga sig í hlé. Á þinginu í Toronto var ég í þessari nefnd, sem fulltrúi Evrópu. Það var mjög skemmtileg reynsla að kynnast kosningum frá þessari hlið og vinna með þessum litríka hópi.

Svæðisstjóranámskeið

Á þingunum er boðið upp á fjölda námskeiða, sem eru öllum opin. Ég hef kennt á námskeiðum á alþjóðþingum síðan árið 2000, en í núna kenndi ég á námskeiði fyrir svæðisstjóra. Það var skemmtileg reynsla, því starf svæðisstjóra er alltaf að vaxa og þróast og er í dag, eitt af mikilvægari leiðtogastörfum í Lions. Það voru um 100 manns í salnum, öflugir og áhugasamir einstaklingar, sem var ótrúlega auðvelt að virkja í umræðum og vinnuhópum.



Mynd Sigrúnar Sigurðardóttur frá Lkl. Emblu, sigraði í íslensku keppninni og var send í alþjóðlegu keppnina.

Myndir úr náttúrunni

Allir íslensku þátttakendurnir eru störfum hlaðnir á þingum, hver að gera sitt og ekki alltaf gefið að við getum náð saman sem hópur. Umdæmisstjórnarnir og þeirra konur að setja sig inn í sín kröfuhörðu störf næsta árið. Fjölmúðmisstjórninn að sitja fundi með kollegum sínum á Norðurlöndunum og taka ákvarðanir um norræna samstarfið og koma fram sem okkar fulltrúi á erlendri grundu. Börnin þeirra stóðu sig mjög vel og voru aðdáunarverðir fulltrúar íslenska hópsins. Við Jón Bjarni sem erum bæði fyrrverandi alþjóðastjórnarmenn sóttum ýmsa fundi og viðburði sem er sérstaklega fyrir þennan hóp, til að uppfæra þekkinguna, auk þess að vera með sérverkefni.

EN, við stormuðum sem einn hópur til að kjósa í samkeppni um náttúruljósmyndir. Sigrún Sigurðardóttir frá Lkl. Emblu komst í gegn um undanúrslit og prýðir janúarmánuð í almanakinu 2015. Við vorum mjög stolt af okkar konu og hennar mynd.



2VIP Bob Corlew og undirrituð á Alþjóðlega sjónverndardegi Lions í Kína 2011.



Kennari á Svæðisstjórnarskóla og í Kjörnefnd.



Kynning á Joseph Preston alþjóðaforseta

Engin venjulegur Jói

Nýi alþjóðaforseti okkar er enginn venjulegur Lionsfélagi. Jú - kannski er hann það, en hann vonar að þú hafir sama áhuga og hann á Lions, sáir fyrir svipuðum árangri og uppskerir sama ávinning og hann. *Eftir Jay Copp*



Listamaður, Joe Preston vill að Lionsfélagar búi til eigin meistaraverk úr þjónustuverkefnum í samfélaginu. Mynd: John Timmerman

Þú hefur kannski, upplifað það á einhverjum Lions-viðburði að vera einn þíns liðs. „Maðurinn minn er ekki alltaf mannblendinn“ segir Joni Preston. „En meðal Lionsfélaga það er önnur saga. Joe vill hitta nýliðana og láta þá finna að þeir séu velkomnir. „Ég hef spurt hann um þetta,“ segir Joni. „Hann segir að hann vilji að öllum finnst gaman í Lions, eins og honum finnst gaman í Lions“.

Það er öruggt eins og sólaruppkoman, að nýi forsetinn okkar áttar sig á því, að í gegnum Lions er öruggasta leiðin að bæta samfélagið. Í Lions eru einnig kjörin tækifæri til að ná verulegum persónulegum þroska. Lions var galdurinn í hans eigin lífi. Við getum hlakkað til ársins 2014-15, að hafa ábyrgan Lionsfélag, sem leiðir forystuna, leiðtoga sem er sérstaklega sannfærður um gildi Lions og getu okkar til að stökkva yfir á næsta þrep þjónustuverkefna.

Hittir þú Joe Preston? Þú hefur hitt hann, eða að minnsta kosti Lionsfélagi eins og hann. Maður verður svo sannarlega ekki alþjóðaforseti með því að vera einhver venjulegur Jói. En líf hans er venjulegt og hefðbundið. Hann er framkvæmdastjóri Sanderson Ford flotans, stærsta söluaðila Ford í Arizona. Hann og Joni eiga þrjú uppkomin börn, sem minnast með gleði fullkominna tíma með fjölskyldunni, meðal annars frídaga í Sea World í San Diego

og laugardaga á haustin á fótboltavellinum í Arizona fylki, þar sem þau hvöttu af ákafa, hina ástkæru Sun Devils.

Þessa dagana hafa Joni og Joe lagt nýja lykkju á leið sína. Þau eiga sjö barnabörn undir 7 ára aldri, allt stráka. Svo árekstrar eða ágreiningur í Lions munu ekki koma afa í opna skjöldu. „Strákarnir eru allir ungir og hafa mikla orku. Í hvert sinn sem við erum með fjölskylduviðburð og þeir eru allir samankomnir, þá stjórnast allt af þeim,“ segir Joe. „Þeir hafa gaman af því að gera nánast hvað sem er, vegna þess að þeir hafa gaman af því að vera til. Bara að fara með þeim í almenningsgarð getur verið skemmtileg reynsla.“

Lions í Arizona hitti Joe Preston fyrst árið 1974, þegar hann gekk til liðs við Lionsklúbbinn Mesa Host. Hann var 21 árs. Vinnufélagi bauð honum á fund. Vinurinn skilaði sér ekki til Lions, en Joe Preston yfirgaf Lions aldrei.

„Þeir tóku mig í raun undir verndarvæng sinn,“ segir hann. „Þetta var ótrúlegt, maður fór að vinna að þjónustuverkefnum þeirra og þarna var einhver átræður að hlaða pokum af dagblöðum til endurvinnslu. Það var frekar erfitt að segja, að þú ætlaðir ekki að sinna þínum hluta vinnunnar, þegar hinir unnu svona. „Þeir kunnu virkilega að meta það sem ég gerði. Og ég kunni að meta það sem þeir

gerðu. Það var alveg ótrúlegt hvernig maður getur gengið til liðs við hóp og myndað vináttu, bara með því að vinna með fólki.“

Joe Preston var ekki óvanur þjónustuverkefnum sem nýliði í Lions. Uppeldi hans undirbjó hann fyrir það. Hann fæddist í Iowa, en flutti með fjölskyldunni til Arizona þegar hann var 15 ára. Joe segir að hann hafi átt frábæra foreldra. Honum þykir sérstaka vænt um mömmu sína, en hún fór til Toronto á Alþjóðáþingið, þegar Joe var settur inn í embætti alþjóðaforseta. „Mamma hafði gríðarlega áhrif á mig, hún var mjög ástrík og staðföst,“ segir hann.

Með samþykki mömmu sinnar, gekk hann til liðs við forystusveit KFUM, meðan hann var enn í framhaldsskóla. Hann vann með skólakrökkum, kenndi þeim hvernig á að skipuleggja íþróttaviðburði. Það var gaman og það var gefandi. 15 ára gamall, vissi hann að hann vildi að stunda íþróttir, mála og teikna, syngja, spila á píanó og leggja öðrum lið.

Sem ungur Lionsfélagi, var Joe aftur farinn að vinna með ungmennum. Hann mældi sjón og hvatti til lestrar. En hann sniðgekk engin þjónustuverkefni sem voru í boði. Þessi vilji hans til að gefa af sér, styrkti hann sem Lionsfélagi. Hann bauðst til að aka blindu fólki 20 mílna leið til Blindramiðstöðvar í Phoenix. Þau voru full af eftirvæntingu, að fá að hitta vini sína. Upplifunin af því að gleða

aðra, hafði mikil áhrif á hann. „Það var ótrúlegt hvað ég fékk út úr þessu. Ég vissi að ég hafði breytt miklu í lífi einhverra,“ segir hann.

Hann fékk líka eitthvað annað út úr Lions. Hann var að finna sjálfan sig. Sjálfsmynd hans festi rætur í Lions. Persónulegur þroski hans sem manneskju, ásamt þroski í starfi, óx með vaxandi hlutverki hans í Lions. „Ég var svo feiminn og huglítill í upphafi árs míns, sem formaður í Lionsklúbbnum. Ég minnst þess, hve sjálföruggur ég var í lok þessa árs,“ segir hann. „Að geta talað fyrir framan fólk, það var ótrúlegt hve mikið ég óx sem Lionsfélagi. Ég náði meiri árangri í atvinnulífinu. Ég náði meiri árangri í persónulega lífinu.“

„Í Lions hef ég lært að þroska hæfileika, sem ég gat notað í atvinnulífinu. Þú gengur í Lions af ákveðnum ástæðum. Og þú heldur áfram í Lions af ákveðnum ástæðum. En það eru svo margir aðrir kostir við að vera Lionsfélagi. Það er vináttan, samskiptin.“

Lions olli öðrum sérstökum samskiptum. Joni, sem var bankastjóri, áttaði sig á því, að það væri kominn tími til að vera virkari í samfélaginu og hún gekk í Lionessklúbbinn Pinnacle Peak. Joe, verðandi umdæmisstjóri mætti til að taka inn nýja félagi. Joni og Joe rákust aftur á hvort annað á fjölumdamisþinginu.

„Það sem dró mig að Joe var kraftur hans, áhugi hans fyrir lífinu og gott hjartalag. Ég sá strax að hann var góður maður,“ segir Joni. Joe var álíka hrifinn. „Hún var mjög töfrandi, eitthvað sérstakt við hana – þessi samkennd og umhyggja fyrir öðrum, sem þú sérð ekki hjá mörgu fólk,“ segir hann. „Ég myndi kalla Joni sálufélaga minn. Við höfum átt magnað samband, og við höfum stutt hvort annað.“

Lions-litaða samband þeirra náði nýjum hæðum á USA/Kanada Lions Forum í Kanada, þegar hann bað hennar. Alþjóðaforsetinn Brian Stevenson dómari, bauðst til að gifta þau á staðnum. Dómaranum var kurteislega hafnað, en hann tilkynnti trúlofun þeirra í lokahófi fyrir 3.000 manns og Joe og Joni þurftu að eyða restinni af þinginu í að hafna tilboðum um giftingu.

Lions-þemað í lífi þeirra hélt áfram með börnum þeirra. Joe og Joni tóku þau með á Lionsþing og í þjónustuverkefni. „Ég mun alltaf muna eftir hvíta stafnum og að safna framlögum,“ segir Dustin, sem er slökkviliðsmaður. „Við ólumst upp kringum um Lions. Minningar mínar eru af pönnukökusölu, vinnu við hátíðir og atburði tengdum hvíta stafnum. Og við áttum mikið af góðum vinum sem við skemmtum okkur með,“ segir Tony, sem vinnur við fasteignaviðskipti. Karli Kelley, dóttir þeirra sem er lífefnafræðingur, er þakklát fyrir æsku sína innblásna af Lions. „Mér finnst stórkostlegt að hafa alist upp við



Börn Joe og Joni, (frá vinstri) Tony, Karli og Dustin, ánægjulegur tíma með pabba, eins og þau nutu í uppvextinum.



Þegar Joe og Joni er með, eru verkefni alltaf skemmtileg.

þetta og að hafa hitt allt þetta frábæra fólk. Það svo dásamlegt fólk í Lionshreyfingunni.“

Í dag eru börnin þeirra á sínum eigin vegum, og Joe og Joni búa í Deweys, sem er 5.000 manna samfélag í dreifbýlinu. Joe var stofnfélagi í Lionsklúbbi Bradshaw Mountain árið 2001. Hann hafði verið félagi í Lionsklúbbi Prescott Sunrise í allmörg ár, eftir að hafa flutt vegna vinnu sinnar.

Peir sem hafa starfað við hlið Joe Preston, staðfesta samskiptahæfileika hans, lífsglaðan persónuleika og umhyggju fyrir öðrum. „Joe er vinsæll. Ég hef ekki enn heyrt nokkurn mann segja eitthvað neikvætt um hann,“ segir David Roberts í Lionsklúbbi Wickenburg. „Hann er stórkostleg manneskja. Hann og Joni eru yndisleg hjón. Ég nýt þess að vinna með þeim,“ bætir Richard Brown við, fyrrverandi umdæmisstjóri í Lionsklúbbnum Pride of Scottsdale, „Joe er mjög einstök manneskja, á öllum mínum 43 ára Lionsferli og öll árin mín í viðskiptum, hef ég aldrei hitt neinn annan, sem öllum líkar vel við. Hann á enga óvini. Og hann er þvílíkur leiðtogi.“

Lofsyrðin finnst Joe Preston óþægileg. Hann kys að leggja áherslu á verkefni framundan. „Á starfstímanum ég vil gera allt

sem ég get til að auka þá þjónustu sem við veitum og hjálpa klúbbunum okkar að vera meira skapandi og skilvirkir,“ segir hann. „Við verðum að taka nýja stefnu í því sem við erum nú að gera og taka það á næsta stig.“

Joe Preston telur að hver félagi geti haft áhrif í Lions og að hver félagi geti orðið fyrir áhrifum af Lions. „Ég held að eitt af því mikilvægasta í Lions, sé að þú þarft ekki að vera ríkur. Þú getur náð árangri með því að nýta leiðtogaþæfileika þína eða byggja upp tengsl innan samtakanna okkar,“ segir hann.

Að hitta Joe Preston? Besta tilgáta þín um Lionsverkefni, er á bak við grillið eða í bás að selja miða, eða við sjónmælinga-töfluna. Það er líklegt að þú finnr Joe í miðju þjónustuverkefni, ekki á kantinum. „Alltaf brettir hann upp ermarnar, í hverju verkefni sem við vinnum að. Hann er þarna að afgreiða spaghetí eða snúa pönnukökum,“ segir Lynne Fortney í Lionsklúbbi Bradshaw Mountain. „Hann er persónugerfingur Lions. Hann setur gott fordæmi fyrir okkur hin.“

Þýðing: Guðrún Björt Yngvadóttir

Sjónvernd – fyrir betri lífsgæði

Guðrún Björt Yngvadóttir

LCIF-stjóri



Vika sjónverndar

Dagana 9.-15. október verður vika sjónverndar á Íslandi sem hefst með ráðstefnu Blindrafélagsins fimmtudaginn 9. október og lýkur á Degi hvíta stafsins miðvikudaginn 15. október. Helgina 11.-12. október verða Lionsklúbbar á landsbyggðinni með ýmsa viðburði og hápunkturinn er þriðjudaginn 14. október í Reykjavík með Alþjóðlegum sjónverndardegi Lions, þar sem alþjóðaforseti verður aðalgestur ásamt íslenskum ráðamönnum.

Sjónvernd – fyrir betri lífsgæði

Árið 2014 er Alþjóðlegi sjónverndardagur Lions haldinn í samvinnu við Lionshreyfinguna á Íslandi. Í tilefni dagsins afhendir alþjóðaforseti Lions fulltrúum Landspítala – Háskólasjúkrahúss tækjagjöf. Augnlækningar á Íslandi munu njóta góðs af þessum viðburði og um leið er þetta tækifæri fyrir okkur, íslenska Lionsfélaga, til að láta gott af okkur leiða og kynna okkur betur.



Þrír viðburðir

Þrír Lions-viðburðir eru þennan dag og eru Lionsfélagar hvattir til að mæta á þá sem flesta og taka með sér gesti.

Alþjóðaforseti Lions Joe Preston og kona hans Joni, taka þátt í öllum viðburðum dagsins, ásamt kvikmyndatökuliði frá höfuðstöðvum Lions.

Hátíðarfundur kl. 13-15 í Hringsalnum á Landspítala

Dagurinn hefst með formlegri opnun á hátíðarfundum í Hringsalnum á Landspítala, þar sem alþjóðaforseti og forysta Lions á Íslandi kynna markmið dagsins. Læknar frá Landspítala ávarpa samkomuna, sem og fulltrúar íslenskra heilbrigðisyfirvalda. Alþjóðaforseti Lions afhendir Landspítalanum tvö tæki til augnlækninga. Annað tækið er til að rannsaka aldurstengda augnsjúkdóma, en hitt er til að rannsaka sjón ungra barna. Milli atriða verður flutt tónlist.

Lionsfélagar eru hvattir til að mæta og taka með sér gesti sem hafa áhuga á heilbrigðismálum og sjónvernd.



Sýning kl. 15-19 í Ráðhúsi Reykjavíkur

Almenningi er boðið á sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur, kl. 15:00-19:00, þar sem kynntir eru helstu augnsjúkdómar, lækning við þeim og þjónusta vegna þeirra. Að sýningunni koma: Augnlæknafélag Íslands, Blindrafélagið og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Auk þess kynna ýmis fyrirtæki þá þjónustu sem þau veita á sviði sjónverndar. Sýningin er öllum opin.

Formleg opnun er kl. 16:00. Björk Vilhelmsdóttir formaður velferðarráðs Reykjavíkur býður fólk velkomni í Ráðhúsið og Joe Preston, alþjóðaforseti Lions, opnar sýninguna. Flutt verða stutt tónlistaratriði, sýnd Lions-myndbönd og boðið upp á hressingu í „Lions-kaffihúsinu“.

Í Ráðhúsinu er verið að kynna Lionshreyfinguna fyrir almenningi. Þar verða veggspjöld sem greina frá hinum ýmsu verkefnum Lionshreyfingarinnar í heild sinni, auk þess sem 16 klúbbar kynna eigin starfsemi. Við undirstrikum hversu mikilvægt það er að við fjölmennum og sýnum okkur og gefum af okkur góða og sterka mynd. Við skorum á alla sem eiga heimangengt þriðjudaginn 14. október að mæta í Ráðhúsið einhvern tímann milli kl. þrjú og sjö síðdegis.

Nánari upplýsingar um sýninguna veitir Edda R.H. Waage, Lkl. Seylu, sími: 866-4572, netfang: erw@hi.is



Kvöldfagnaður kl. 20-22 á Hótel Sögu (Radisson Blu)

Að lokum verður sérstakur fagnaður fyrir Lionsfélaga, gesti þeirra og samstarfsaðila dagsins, þar sem allir gleðjast saman með Joe Preston, alþjóðaforseta Lions 2014-2015, og Joni konu hans. Á dagskránni verða stutt ávörp, skemmtiatriði, Melvin Jones viðurkenningar og tónlist; m.a. mun Íva Marín Andrichem flytja tónlist, en hún er 16 ára blind stúlka sem sigraði árið 2011 í ritgerðarsamkeppni Lions um frið.

Þetta kvöld býðst einstakt tækifæri til að fá alþjóðaforseta Lions til að afhenda Melvin Jones viðurkenningar til félaganna í viðurvist Lionsfélaga, maka og gesta. Fjölmargir klúbbar eiga inni fyrir MJF-viðurkenningu. Með því að veita MJF-viðurkenningar heidrum við Melvin Jones stofnanda Lions og styrkjum LCIF-sjóðinn, en sjóðurinn hefur verið mjög höfðinglegur við okkur á Íslandi; við höfum fengið um 50 milljónir króna til Íslands.

Aðgangur er ókeypis og eru félagar hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti; bjóða fjölskyldu, vinum og endilega væntanlegum Lionsfélögum. Léttar veitingar eru í boði Lions og barinn er opin.

Nánari upplýsingar um Melvin Jones viðurkenningar veitir Guðrún B. Yngvadóttir, LCIF-stjóri, Lkl. Eik, sími: 896-7097, netfang: gudrun@hraunfolk.net



Helgin 11.-12. okt. á landsbyggðinni

Í október verður Lions í kastljósi fjölmiðla. Það er tækifæri sem við skulum ekki láta framhjá okkur fara. Auk þess að taka beinan þátt í viðburðum dagsins geta Lionsfélagar tekið þátt með ýmsum öðrum hætti. Klúbbar eru hvattir til að vera með kynningu á eigin starfi í sínu nærsamfélagi, til að vekja athygli á klúbbnum og góðum málstað Lions á mörgum sviðum. Til dæmis má standa að sykursýkismælingum þar sem sykursýki er einn af orsakavöldum blindu og sjónskerðingum

Ávinningur

Miðlun upplýsinga um starf okkar er gríðarlega mikilvæg:

- til að gera verkefni sýnileg fyrir alla þá sem vilja styðja við starfið með einhverjum hætti,
- til að gera klúbbana aðlaðandi fyrir alla þá sem vilja láta gott af sér leiða og gerast félagar.



Gerum Lions á Íslandi eins sýnilegt og við mögulega getum kringum Alþjóðlega sjónverndardaginn.

Leggjum öll okkar af mörkum til að þessi einstaki viðburður í sögu Lions á Íslandi verði hreyfingunni til sóma



Lions Clubs International
FOUNDATION

Samstarfsaðilar

Lions og LCIF standa að deginum, en faglegir samstarfsaðilar okkar eru Augnlæknafélag Íslands, Landspítali – Háskólasjúkrahús, Blindrafélagið, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og dauflindra einstaklinga.



Blinda sem hægt er að forðast

Eftir Eric Margules

Ímyndaðu þér hvernig það er að vera með sársaukafulla skemmd eða Ísár í auga í mörg ár. Ímyndaðu þér hvernig það er að fylgjast með öllu í kringum þig smásaman hverfa vegna þess að sjónin verður lélegri og lélegri og að endingu hverfur allt vegna blindu sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir.

Við þetta búa mörg hundruð þúsund einstaklingar í Afríku og sumum fátækustu svæðum heimsins. Þessir einstaklingar þjást af árblindu og öðrum augnsjúkdómum sem auðveldlega er hægt að lækna og eða koma í veg fyrir.

Fyrirverandi forseti Bandaríkjanna Jimmy Carter og Wayne Madden formaður Alþjóðahjálparsjóðs Lionshreyfingarinnar, LCIF, hittust nýlega til að undirrita samning um 8,8 milljón dollara framlag LCIF til Lions – Carter SightFirst rannsóknarstöðvarinnar. Framlagið verður greitt á þrem árum og verður nýtt til að útrýma árblindu og öðrum augnsjúkdómum sem hægt er að lækna aðallega í Eþíópíu, Úganda, Malí og Nígeríu.

„Í 20 ár hefur samstarf okkar við Alþjóðahjálparsjóð Lionshreyfingarinnar haft verulega mikla þýðingu fyrir starfsemi The Carter Center sem hefur verið leiðandi afl í baráttunni gegn fyrirbyggjanlegum augnsjúkdómum,“ segir Carter. „Áframhaldandi stuðningur Alþjóðahjálparsjóðsins skipta sköpum fyrir The Carter Center og Lionsklúbba á verst stöddu svæðum heimsins í baráttunni gegn blindu sem auðveldlega er hægt að koma í veg fyrir og eða lækna.“

The Carter Center, sem hóf samstarf við Alþjóðahjálparsjóð Lionshreyfingarinnar 1999, hyggst nota þetta aukna framlag til að hraða vinnunni við baráttuna gegna árblindu og trachoma (bakteríusýkingu í slímhúð augans) sem eru helstu orsakir blindu sem hægt er að koma í veg fyrir.

Í Malí og Nígeríu hefur starfið gengið sérlega vel og líklega verður búið að útrýma trachoma í þeim löndum árið 2015. Góður árangur hefur einnig náðst á Amhara svæðinu í Eþíópíu þar sem útbreiðslan er hvað mest í heiminum. The Carter Center mun einnig beita sér fyrir auknu samstarfi við heilbrigðisyfirvöld til að ná meiri árangri í baráttunni gegn blindu.

„Lionshreyfingin á langa og farsæla sögu í baráttunni gegn blindu svo það er heiður fyrir okkur að eiga samstarf við The Carter Center og Lionsfélaga okkar, Jimmy Carter fyrirverandi forseta Bandaríkjanna, í



Formaður LCIF Wayne Madden afhendir fyrirverandi forseta Bandaríkjanna Jimmy Carter viðurkenningu fyrir hans ómetanlega starf í þágu blindra og sjónskertra.

baráttunni gegn árblindu á þeim svæðum sem þörfin er mest,“ segir Wayne Madden.

Í þessu verkefni mun aðstoð Lionsklúbba á staðnum skipta sköpum. Þeirra þekking á staðháttum skiptir miklu máli við áhættumat á hverjum stað fyrir sig. Aðstoð við dreifingu lyfja, útvega heilbrigðisstarfsfólk í sjálfbodavinnu, útvega aðstöðu fyrir lækna og mörg önnur verkefni sem þeir vinna eru ómetanleg og án þeirra væri árangurinn ekki svona góður.

Það er sameiginlegt markmið allra Lionsfélaga að útrýma blindu sem hægt er að koma í veg fyrir eða lækna. Lions teystir á góða samstarfsaðila, mikla fræðslu, mikinn áróður og frumkvæði í þessari baráttu.

Þýðing: Kristinn Hannesson

Lionsklúbbur Ísafjarðar



Frá afhendingu drykkjarfontansins á Ísafirði. Lionsfélagar og forsvarsmenn Ísafjarðarbæjar. Mynd Marzellíus Sveinbjörnsson



Úlfar Ágústsson Lionsfélagi afhendir drykkjarfontinn formlega Gísli Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Mynd G.S.S.

Lionsklúbbur Ísafjarðar afhenti í sumar Líbúum Ísafjarðarbæjar að gjöf drykkjarfont sem settur var upp í skrudgarðinum við Austurvöll á Ísafirði. Fonturinn er við hlið gosbrunnans sem endurbyggður var í fyrra-sumar í samstarfi Lionsklúbbsins og bæjar-yfirvalda. Drykkjarfontur sem Lionsklúbburinn lét gera er úr vestfirsku bergi og með tæru vestfirsku fjallavatni. Lionsfélagar afhentu Ísafjarðarbæ fontinn við formlega athöfn á Austurvelli hinn 14. ágúst síðast liðinn.

Skrudgarðurinn við Austurvöll á Ísafirði er með elstu gördum í þéttbýli á Íslandi. Hann er 60 ára í sumar, teiknaður af Jóni Björnssyni fyrsta landslagsarkitekt Íslendinga. Úlfar Ágústsson Lionsfélagi flutti ávarp við afhendingu drykkjarbrunnans. Í máli hans kom fram að brunnurinn er gerður úr grjóti úr gömlu vörinni í Arnardal í Skutulsfirði og í gegnum hann rennur tært vestfirskt fjallavatn úr Vestfjarðagöngum. Úlfar sagði að Lions-hreyfingin vinni hvarvetna að mannúðarmálum, en leggi ekki síður til samfélagsmála sem bæta og fegra mannlífið. Það sé markmiðið með þessari gjöf til bæjarbúa.

Lionsklúbbur Ísafjarðar gaf Ísafjarðar-kaupstað upphaflega gosbrunn í garðinn við Austurvöll árið 1968. Sá brunnur stóð þar í nokkur ár, en varð að láta undan veðri og vindum á sínum tíma. Upphaflega var teiknaður gosbrunnur í garðinn árið 1950, þegar Jón Björnsson fyrsti landslagsarkitekt Íslendinga teiknaði garðinn. En hann var aldrei gerður, fyrr en í fyrra, árið 2013, sem brunnurinn var gerður eftir upphaflegri hugmynd með stuðningi Lionsklúbbsins.



Úlfar og Gísli Halldór kunna vel að meta tært vestfirskt fjallavatn. Mynd G.S.S.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri tók við gjöfinni fyrir hönd Ísafjarðarbæjar og þakkaði klúbbmeðlimum þessa höfðinglegu gjöf. Hann sagðist vona að sem flestir nýti sér brunninn til að teygja hið tæra vatn sem rennur á Ísafirði.



Toronto myndaseria



Lkl. Engey – Skemmtilegt og gefandi vinaklúbbasamband



Frá vinstri: Iain Bennett ritari og varaformaður TLC, Janette Bennett, formaður TCL, Katrín Árnadóttir Lkl. Engey og hennar maður Reynald Jónsson.

Þegar starfslok nálgudust hjá okkur hjónunum tókum við þá ákvörðun að fjárfesta í húsnæði á Costa Blanca ströndinni á Spáni, fyrst og fremst af heilsufarsástæðum. Þegar við fórum að vera þar vor og haust árlega datt ég niður á auglýsingu frá blönduðum breskum Lionsklúbba á svæðinu, hringdi í þáverandi formann og var boðin velkomin á fund. Þetta er klúbbur sem heitir Torrevieja Costa Lions Club og er að finna á netinu undir þessu nafni. Þetta var að vori árið 2008.

Vel var tekið á móti mér og var gaman að kynnast þessum blandaða klúbba og hvernig þau vinna. Fyrri fundur hvers mánaðar er vinnufundur, eða business meeting, eins og það er kallað, og eru þá einungis rædd málefni, verkefni og fjáraflanir, engar veitingar, fyrirlestrar eða skemmtun. Seinni fundurinn er skemmtileg samvera á veitingastað, eða í minigolfi eða keilu, þar sem gestum er boðið að koma með og kynnast starfsemi hreyfingarinnar.

TLC klúbburinn er ekki fjölmennur, félagafjöldi er á mikilli hreyfingu af mörgum ástæðum, stundum hætta félagarnir af því að þeir fá óvænt vinnu í Bretlandi eða breyttar

fjölskylduaðstæður þar valda því að félagarnir halda á heimaslóðir. Félagafjöldi í dag eru 15 félagar, allir hörkuduglegir og áhugasamir, t.d. tókst þeim að safna 9400 Evrum til hjálpar vegan fellibylsins á Filippseyjum sl. haust. Í júní í ár stóðu þau fyrir golfmóti þar sem ágóðinn varð 2000 Evrum og þar að auki hafa þau stutt dyggilega við ýmis hjálparsamtök á svæðinu Árlega heldur klúbburinn mikla hátíð annan laugardag í apríl til að halda uppá stofnskrárafmælið. Þetta er meiri háttar hátíð með miklum seremóníum, og ekki þýðir að mæta í stuttbuxum og bol, þótt heitt sé heldur í spariklæðnaði.

Ég hef stundað fundi hjá þeim síðan 2008 og haft mikla ánægju og gaman af því. Þess vegna var ákveðið að stofna til vinaklúbbasambands milli þeirra og okkar klúbbs, Lkl. Engeyjar, og ekki spillti fyrir að annar félagi í Engey býr líka á svæðinu vor og haust eins og við, en það er Halldóra Þorvaldsdóttir og makar okkar eru bestu vinir. Það gerðist árið 2012 og þá afhentum við TLC vinargjöf frá Engey, fallega myndabók frá Íslandi.

Síðan gerðist það í vor að ég var boðuð á fund hjá formanni TLC, en hún býr í sama hverfi og við, og þar var okkar klúbbi afhent

forláta fallegt listaverk sem breskur Lionsfélagi á Spáni, David Robson, hafði gert. Þetta er viðarlistaverk með innfelldri mynd af gamla turninum í Torrevieja, en það nafn þýðir nákvæmlega það, ásamt saltskipi á siglingu, en Torrevieja er aðal saltbær Spánar. Á neðri helming myndarinnar er innfelld mynd af Engey og gamla vitanum á eyjunni ásamt því að Lions-höfuðið okkar prýðir miðjuna. Ekki þarf að hafa fleiri orð um það að þetta listaverk vakti mikla hrifningu hjá félögum okkar hér.

Því má bæta við að í gamla daga þegar við vorum á flakki um ýmis lönd reyndi ég að heimsækja Lionsklúbba mér til ánægju og fróðleiks, m.a. í Englandi, Finnlandi og Tyrklandi, en þar hlustuðum við t.d. á tyrkneskan sálfræðing messa yfir Lionsfélögunum á tyrknesku, en höfðum sem betur fer túlk við hliðina á okkur!

Að lokum er bara í mínum huga tilhlökkun að sækja fundi í TLC í náinni framtíð, eða svo lengi sem við getum verið á þessu skemmtilega flakki milli Íslands og Spánar vor og haust.

Með Lionskveðju

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Ferð á alþjóðafing Lions í Toronto



Það var mjög skemmtileg upplifun að fara á alþjóðafing Lions og hitta félagi frá öllum heimshornum, Afríku, Asíu, Evrópu, Ástralíu, Norður-Ameríku og Suður-Ameríku. Í júlí síðastliðnum fóru tíu Íslendingar á alþjóðafing Lions í Toronto í Kanada. Veðrið var eins og best var á kosið, sól og 30 stiga hiti.

Boðið var upp á margs konar viðburði í tengslum við þingið og var hópurinn stöðugt að læra og upplifa, þar á meðal námskeið fyrir 750 verðandi umdæmisstjóra, sem Einar Þórðar og Ingimundur Andrésen tóku þátt í, einnig fjöllumdæmisstjórafundi ofl. sem Tryggvi Kristjánsson sótti. Óvenjumikil makadagskrá var í boði sem Bergljót, Hólmfríður og Sigurjóna sóttu. Börn Trygga og Hólmfríðar, þau Valgerður og Skúli, létu sér heldur ekki leiðast og voru oftast með. Jón Bjarni og Guðrún Björt höfðu einnig í nógu að snúast á vegum Lions.

Dagskráin var nánast alla daga og kvöld. Norðurlöndin héldu sameiginlegt skemmtikvöld (Get-together) þar sem hvert land kom með heimatilbúin skemmtiatriði. Við sungum krummavísur og sýndum gosið í Eyjafjallajökli og tókst það vel.

Norðurlöndin voru með Scandinavian Hospitality kvöld og buðu þangað öðrum Lionsgestum. Þar var boðið upp á norrænan mat, kökur, brauð, sælgæti og drykki. Þangað komu mörg hundruð gestir og glatt var á hjalla. Komust færri að en vildu því þessi gestakvöld Norðurlandanna eru mjög vinsæl.

Ekki má gleyma tónleikum með Neil Sedaka, söng Oliviu Newton John og David Foster, og Kínverska dansflokknum og mörgu fleiru. Segja má að lagið Happy, eftir Pharrell Williams, hefði verið lag þingsins. Það var sungið milli dagskráratríða, þar á meðal tók alþjóðastjórn Lions dansspor við mikinn fögnuð mörg þúsund áhorfenda.

Einn af hápunktum þingsins var alþjóðaskrúðgangan á laugardeginum í glampandi sól og 30 stiga hita. Gengið var 1,5 km niður University Avenue, Toronto. 15.000 þátttakendur voru í glæsilegum klæðnaði, syngjandi og dansandi, sumir með farartæki og búnað til að skemmta áhorfendum. Norðurlöndin tóku að sjálfsgöðu þátt, í sínum margrómaða hvíta búningi, skreyttann fánaborðum hvers lands, syngjandi á sænsku söng förusveinsins og fánaberar með þjóðfána Norðurlandanna.

Mikil upplifun var að sjá allar þjóðirnar með flottu atriði sín og skrautlegu búninga í öllum litum. Það skein gleði úr hverju andliti og þarna var saman komin á einum stað ein stærsta Lionsfjölskylda sem hægt er að hugsa sér.

Hópurinn var ánægður með þessa ferð og gerðum við ýmislegt saman, fórum m.a. í skoðunarferð um borgina, í siglingu um Ontario vatn og út að borða. Það var svo sannarlega mikið að sjá og gera í þessari fallegu borg.

Að fara á alþjóðafing Lions er ekki aðeins fundarsetur. Allir eru að segja frá sínum störfum, spyrja og gefa ráð. Maður fræðist um hvernig aðrar þjóðir starfa. og allir eru að vinna að sama marki, að leggja öðrum lið.

*Fyrir hönd Toronto-ferðahópsins,
Einar og Bessý.*

Lionsfélagi mánaðarins

Nafn, aldur og starf:

Guðmundur Ingi Ingason 57 ára, lögregluvarðstjóri og varaoddviti Skaftárhreppi

Nafn maka:

Fanndís Halla Steinsdóttir

Heimili:

Skaftárvellir 2, Kirkjubæjarklaustri

Ökutæki:

Pajero árgerð 1997, 33 tommu breyttur

Klúbburinn minn:

Fylkir á Kirkjubæjarklaustri



Hver eru helstu viðfangsefni klúbbsins?

Fámennur en góður hópur sem hefur styrkt með fjárframlögum t.d. Heilsugæsluna á Kirkjubæjarklaustri. Einnig hafa menn komið saman til aðstoðar málefnum með vinnuframlagi.

Fjáröflun:

Stóðum fyrir sölu á sandi sem við pökkuðum sjálfir fyrir hálkuvörn. Það gekk vonum framár.

Sérkenni:

Góður andi og fundir oft mjög skemmtilegir þar sem menn koma með efni sjálfir og setja fram fyrir hina.

Hvað er eftirminnilegast úr klúbbstarfinu? (Má vera neyðarlegt)

Þegar ég og Ingólfur prestur á Kirkjubæjarklaustri fórum saman í sölu á hálkuvörn (sandi). Við settum þetta ekki sjálfir í samhengi en sáum fljótlega að konu var mjög brugðið við að sjá okkur saman. Taldi viðkomandi að við værum þarna komnir til að tilkynna váleg tíðindi. Við fórum þessara erinda ekki saman oftár!

Fyrir hvað ertu stoltastur af að vera Lionsfélagi?

Vera í flokki manna sem vill láta gott af sér leiða fyrir samfélagið.

Viltu breyta einhverju í klúbbnum?

Það væri gott ef við næðum fleiri félögum í klúbbinn.

Hvers vegna ert þú Lionsfélagi og hvað ertu búin að vera lengi Lionsfélagi?

Búinn að vera í nokkur ár og var boðið að koma á kynningarfund sem leiddi til ingöngu í klúbbinn.

Hvað myndir þú gera ef þú værir einráður í klúbbnum?

Fara út í frekari kynningu til að ná til fleiri félaga um inngöngu!

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Spaghetti og nautahakk.

Hver eru áhugamálin hjá þér?

Veiðar og ferðalög innan og utanlands.

Hvað er gott við Vestur- Skaftafellssýslu?

Mikill uppgangur og björt framtíð framundan. Gott og dugmikið fólk.

Eru íbúar í þínu héraði löghlýðnir?

Já það má segja það. Minnst afskipti okkar í lögreglunni er af íbúum svæðisins. Hér er einnig mjög gott umhverfi fyrir ungt fólk til að alast upp. Sjoppumenning þekkt ekki hér hjá unglungunum.

Er eitthvað sem gerir Skaftfellinga ólíka öðrum Íslendingum?

Ef eitthvað bjátar á hjá þér og þínum eru allir sem einn að standa við bakað á manni t.d. í veikindum og öðrum áföllum lífsins.

Eitthvað að lokum?

Lionshreyfingin er vettvangur manna á öllum aldri sem vill láta gott af sér leiða í leik og starfi.

Tvítugar skvísur af Snæfellsnesinu



Já, við urðum tvítugar á árinu og erum ákaflega ánægðar og glaðar með þann áfanga og hlökkum mikið til þess að dafna og eflast sem hópur á næstu áratugum. Framtíðin er björt hjá Lionsklúbbum Rán því meðalaldur félagskvenna er frekar lágur.

Í tilefni afmælisins var ákveðið að ráðast í blaðaútgáfu til að leyfa bæjarbúum og fleirum að sjá hvað Lionsklúbburinn Rán er að gera fyrir samfélagið sitt og hvernig starfið í klúbbum er. Ákveðið var fyrirfram í hvað ágóði blaðsins átti að fara og urðu þessi verkefni fyrir valinu: Vatnsormur sem staðsettur verður á nýju útisvæði við sundlaug Ólafsvíkur og 250 þús. kr. styrkur til kaupa á hjartahnoðtækinu Lúkasi en söfnun hefur staðið yfir í bæjarfélaginu til þessa tækis.

Einnig höfum við gefið barnastóla í félagsheimilið Klif, og fjórburakerru á Bangsakot, ásamt öðrum vanalegum verkefnum og styrkjum.

Samstarf Lionsklúbba í Ólafsvík er til mikillar fyrirmyndar og hafa klúbbarnir í gengnum árin verið samstíga um verkefni sem eru til góðs fyrir samfélagið

okkar. Í ár var ráðist í að láta endurbyggja líkkistuvagn í Ólafsvíkurkirkju en hann auðveldar mikið verklag við útfarir.

Starfsárið var venjubundið og skemmtilegt og fengum góðar heimsóknir. Pure-Ebba kom og sagði okkur allt um hollt og gott matarræði, Rán snyrtifræðingur sýndi okkur það nýjasta í snyrtivörum, fengum kennslu í sælgetiskransagerð og margt fleira.

Allir okkar fundir eru matarfundir, byrjum hvern fund á hefðbundnum fundarefnum höfum matarhlé og endum svo fundinn á einhverju skemmtilegu því okkar mottó er að fara glaðar heim af fundi.

Það líður senn að fyrsta fundi vetrarins og er tilhlökkun fyrir því að hittast á ný og eiga góðar og skemmtilegar stundir saman.



*Með bestu kveðju til ykkar kæra Lionsfólk
Lionsklúbburinn Rán Ólafsvík*



Umhverfiskornið – Er plast nauðsynlegt? Hvernig er hægt að draga úr notkun á plasti eða plastpokum?

Nú fer að hausta, skólar byrja, útbúið er nesti, berin tínd sett í frysti, nestinu er pakkað í einnota plastpoka sem svo er hent eftir daginn; berin eru einnig sett í plastpoka og sett í frystinn, við förum í búðina og setjum vörurnar í plastpoka og svo framvegis.

Notkun á burðarpokum úr plasti er mikil á Vesturlöndum en um leið vandamál sem taka verður á með einhverjum hætti. Plastflákar í höfum stækka ár frá ári, áætlað er að árlega fari 7-10 milljónir tonna af plasti í sjóinn. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins voru alls framleidd 3,4 milljón tonn af burðarpokum í Evrópu árið 2008, en það samsvarar þyngd 2 milljóna fólksbíla. Er áætlað að hver einstaklingur innan Evrópusambandsins noti um 500 plastpoka að meðaltali á ári. Þessi mikla notkun plastpoka veldur miklum umhverfisáhrifum því talsvert magn af plasti er hvorki endurunnið né fargað heldur berst til sjávar með regni, frárennsli og ám eða fýkur til hafs. Plastefni brotna þar niður í smærri einingar á mjög löngum tíma, eyðast jafnvel aldrei að fullu. Plast safnast því upp í umhverfinu og er til dæmis áætlað að í Miðjarðarhafi sé að finna um 250 milljarða fljótandi plastagna og 500 tonn af plasti. Plast hefur einnig safnast fyrir á ákveðnum svæðum í heimshöfunum fyrir tilstuðlan hafstrauma og hafa þar myndast stórar eyjar eða flekkir úr ýmis konar plasti en þeir stækka stöðugt. Einn þessara fláka er ekki langt frá Hawaií og er 7-14 sinnum stærri en Ísland. Þessari eyju/fláka hafa verið gerð góð skil í heimildarmyndum á borð við Midway og Plastic Paradise. Stærsta svæðið er í Kyrrahafi, en sams konar svæði hefur meðal annars fundist í Paghafinu sem er hluti af Atlantshafi og svo einnig á Indlandshafi. Plastið hefur mikil

áhrif á lífríkið því árlega drepst mikill fjöldi sjófugla og sjávarspendýra eftir að hafa étið plast, auk þess sem dýr geta flækst í plastinu og jafnvel kafnað. Þá geta ýmis mengandi efni loðað við plastagnirnar, s.s. þrávirk lífræn efni svo og önnur skaðleg efni, sem berast svo úti fæðukeðjuna. Svo ekki sé svo talað um það plast sem flækist í veiðarfærum, skrufum og vatnsinntökum báta/skipa.

Pótt við snarhættum að sleppa plasti út í buskann, þá verða flákarnir á sínum stað, því venjulegt plast er nefnilega allt upp í nokkrar aldir eða jafnvel 1.000 ár að brotna niður til fulls. Sakleysislegar plastumbúðir sem við sleppum frá okkur í hugsunarleysi gætu sem sagt átt eftir að velkjast þarna úti miklu lengur en auðvelt er að ímynda sér. Þar gætu þær meira að segja hitt illa farin plastbrot úr dánarbúi Snorra Sturlusonar þ.e.a.s. ef Snorri hefði ekki verið uppi 700 árum áður en fyrstu plasthlutirnir litu dagsins ljós.

Til að hjálpa til gætum við verulega dregið úr notkun plastpoka og plastumbúða, því jörðin er ekki bara okkar. Sjálfsagt getur hvert okkar um sig talið sér trú um að aðrir eigi miklu stærri sök í þessu máli en við. En við verðum sjálf að vera breytingin sem við viljum sjá, eins og Mahatma Gandhi orðaði það á sínum tíma.

*Með umhverfiskveðju,
Ósk G.Aradóttir, umhverfisfulltrúi 1096 B
Heimildir: Umhverfisstofnun, Sjónmál.*